

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Markaðsviðskipti og viðskiptahættir

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Markaðsviðskipti og viðskiptahættir		
Prófdagur:	28. apríl 2012	Kl.:	9:00 til 13:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð þmt forsíða:	9 síður
Leyfileg hjálpargögn:	Öll gögn leyfð	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. hluti. Krossaspurningar (vægi 20%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar veqa jafnt (1,25%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Spurning 1.

Hlutfall söluréttá á móti kaupréttum (put/call) er tæknilegur mælikvarði sem er notaður til að sýna/túlka geðslag markaðarins:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 2.

Síðasta breytingin á Dow Jones hlutabréfavísitölunni var að fjármálafyrirtækið Travelers kom inn í vísitöluna í stað fjármálafyrirtækisins Citigroup. Við slíkar aðgerðir má oft búast við að daglegar hreyfingar á verði/gengi hlutabréfa viðkomandi félaga verði nokkuð meiri en ella. Hvað tegund fjárfesta myndi að öðru jöfnu reyna að nýta sér slíkar breytingar?:

- A) Langtímafjárfestar.
- B) Áhrifafjárfestar.
- C) Ávöxtunarfjárfestar.
- D) Skammtímafjárfestar.
- E) Erlendir fjárfestar.

Spurning 3.

Svokallað margfaldismeðaltal (geometric mean) er ákjósanlegt til að meta árangur af fjárfestingu, en við útreikning þess er:

- A) Tekið tillit til tímasetningar ávöxtunar einstakra tímabila.
- B) Áhrifum neikvæðrar ávöxtunar eytt.
- C) Hækkun/lækkun hvers árs lögð saman og deilt í þá summu með fjölda ára.
- D) Áhrifum gengisbreytingar gjaldmiðla eytt.
- E) Áhrifum (ára) óvenjulega hárrar/lágrar ávöxtunar eytt að mestu leyti.

Spurning 4.

Hvað af eftirfarandi má, út frá sjónarmiðum tæknigreiningarmanna, hafa til merkis um að bjart geti verið framundan varðandi þróun hlutabréfa hjá þýska bílaframleiðandanum BMW?:

- A) Horfur eru á að hagvöxtur í Kína, þar sem drjúgur hluti af söluaukningu fyrirtækisins hefur verið undanfarin ár, verði áfram mikill.
- B) Verð á áli sem er veigamikill kostnaðarliður í framleiðslunni hefur lækkað töluvert á undanförunum mánuðum.
- C) Verð hlutabréfa í einum helsta samkeppnisaðila BMW, þýska bílaframleiðandanum Daimler, var að rjúfa stuðning.
- D) Gengi evrunnar hefur lækkað gagnvart helstu myntum, sem þýðir bætta samkeppnisstöðu BMW á útflutningsmörkuðum.
- E) Gengi hlutabréfa fyrirtækisins hefur nýlega rofið 52 vikna hámark.

Spurning 5.

Í Kauphöllinni (NASDAQ OMX Iceland) verður fjárfestir/markaðsaðili að setja inn tilboð þar sem fram kemur og sést heildarmagn bréfa sem fjárfestir/markaðsaðili vill kaupa/selja og verðs þess magns:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 6.

Margir tæknilegir mælikvarðar varða annað hvort þróun magns (volume) eða verðs (price). Hver eftirtalinna mælikvarða varðar magn?:

- A) Hlutfalllegur styrkur (relative strength).
- B) Hlaupandi meðaltal (moving average).
- C) Leitni (trend).
- D) Hækkun/lækkun hlutfall (advance decline ratio).
- E) Stuðningur (support) og viðnám (resistance).

Spurning 7.

Hvað af eftirtöldu er rétt:

- A) Í frumsölu eru einungis seld óútgefin verðbréf.
- B) Viðskiptakerfi Nasdaq OMX Iceland er bæði fyrir verðbréf sem seld eru á eftirmarkaði og verðbréf sem seld eru í frumsölu.
- C) Siðareglur Kauphallarinnar eru tæmandi fyrir markaðsaðila.
- D) Einn mælikvarði á "external efficiency" er verðbil.
- E) Viðskipti tilkynnt til Kauphallar uppfæra ekki alltaf síðasta verð.

Spurning 8.

Þegar um ræðir skipulag fjármálafyrirtækja þá:

- A) Skulu starfsmenn sem starfa við regluvörslu aldrei inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með.
- B) Skal yfirstjórn að lágmarki tvisvar á ári fá skriflegar skýrslur um regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun.
- C) Nægir fjármálafyrirtæki að tryggja að yfirstjórnendum sé kunnugt um verkferla og reglur sem fylgja skal í starfseminni.
- D) Skal fjármálafyrirtæki viðhalda fullnægjandi skráum um viðskipti sín.
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt.

Spurning 9.

Hvað af eftirtöldu er rétt?:

- A) Kauphallaraðili getur að uppfylltum vissum skilyrðum sett fram tilboð sem hann getur ekki staðið við.
- B) Þegar verðbréf eru seld í lokuðu útboði er útgefanda/seljanda skylt að semja um viðskiptavakt við fjármálafyrirtæki til að tryggja að eftirmarkaður myndist með bréfin.
- C) Þegar um ræðir "long squeeze" er það þrýstingur til hækkunar verðbréfs.
- D) Fjármálafyrirtæki skal skv. lögum hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa.
- E) Langtímafjárfestar eru, að öðru jöfnu, líklegastir til að "fara út í storminn" (sell on the rumour, buy the fact).

Spurning 10.

Fyrir hvaða tegund fjárfesta má segja að mat á hagrænu virði/rekstrarvirði (intrinsic value) við kaup á hlutabréfum skipti höfuðmáli?:

- A) Skammtímafjárfesta (hér átt við "spákaupmenn").
- B) Áhrifafjárfesta.
- C) Langtímafjárfesta.
- D) Ástríðufjárfesta.
- E) A og B.

Spurning 11.

Tæknigreiningarmenn nýta sér veiku útgáfuna af kenningunni um skilvirkni markaðar til að spá fyrir um verðþróun verðbréfa:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 12.

Þegar um ræðir að verðbréf eru seld í almennu útboði:

- A) Getur Fjármálaeftirlitið ekki veitt undanþágur frá birtingu upplýsinga í lýsingu.
- B) Er lýsing alltaf birt sem eitt skjal.
- C) Er skilyrði að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegan verðbréfamarkað.
- D) Er lýsing gild í 12 mánuði frá opinberri birtingu, að uppfylltum vissum skilyrðum.
- E) Er skilyrði að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.

Spurning 13.

Undanþága frá gerð lýsinga er heimil, án skilyrða,:

- A) Þegar verðbréf eru boðin í tengslum við yfirtöku.
- B) Þegar verðbréf eru eingöngu boðin hæfum fjárfestum.
- C) Þegar um ræðir verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum markaði.
- D) Þegar um ræðir samruna fyrirtækja.
- E) Þegar hlutum er úthlutað, eða verður úthlutað til núverandi hluthafa, án endurgjalds.

Spurning 14.

Hvað af eftirtöldu er rétt?:

- A) Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti sem fjalla um almennt útboð verðbréfa og lýsingu.
- B) Stórviðskipti (block trade) utan verðbils uppfæra nýjasta verð í Kauphöllinni að því skilyrði uppfylltu að þau séu milli tveggja (mismunandi) markaðsaðila. .
- C) "Dogs of the Dow" viðskiptastefnan leggur einungis til grundvallar breytingar á gengi á milli ára.
- D) Þegar flot bréfa er metið er horft til fjárhagsstöðu hluthafa.
- E) Opunarverð myndast alltaf í Kauphöllinni.

Spurning 15.

Þegar um ræðir svokallað “market impact” í tengslum við verðbréfavíðskipti, er átt við breytingar á verði vegna aðgerða fjárfesta (t.d. sjóðsstjóra stórra verðbréfasjóða), sem þurfa að kaupa og/eða selja töluvert magn af verðbréfum. Hér gæti t.d. verið að ræða um fjárfestingarþörf vegna mikils innstreymis í verðbréfasjóð eða sölu í kjölfar mikilla innlausna.

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 16.

Þegar um ræðir lýsingar:

- A) Er skylt að útbúa samantekt.
- B) Skulu þær vera á íslensku.
- C) Þarf ekki í öllum tilvikum að tilgreina hverjir bera ábyrgð vegna upplýsinga sem gefnar eru lýsingu.
- D) Er óheimilt að birta lýsingu fyrr en hún hefur verið staðfest.
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt.

II. hluti. Efnisspurningar (vægi 80%)

Spurning 1. (5%)

Gerðu grein fyrir uppbyggingu og skipulagi uppboðsmarkaða (order-driven markets) og samningsmarkaða (quote-driven markets) og berðu saman verðmyndun á mörkuðunum.

Spurning 2. (8%)

A. (3%)

Útskýrið og berið saman eftirfarandi aðferðir við að vega hlutabréfavísitölur:

- Vísitölur vegnar eftir markaðsvirði (market-cap weighted).
- Vísitölur vegnar eftir aðferðum "fundamental indexing".

B. (5%)

Ræðið þau sjónarmið sem sett hafa verið fram varðandi "fundamental" indexing aðferðafræðina.

Spurning 3. (5%)

Gerðu grein fyrir og fjallaðu um "áreiðanleikakönnun" (due diligence) og nytsemi hennar fyrir fjárfesta og útgefendur.

Spurning 4. (5%)


Sýndu hvernig fjárfestar leitast við að vernda hagnað (óinnleystan/hagnaðarvon) eða lágmarka tap með pöntunum (orders) sínum. Útskýrðu bæði í texta og með myndum, þ.m.t. aðdraganda og tölulegan ávinning.

Spurning 5. (5%)

Fjallaðu um mismunandi söluaðferðir við markaðsútgáfu verðbréfa og ólík sjónarmið sem búa þar að baki.

Spurning 6. (6%)

Hvaða tæknilegu vísbendingar má sjá á eftirfarandi mynd?:
(Útskýrið í texta og sýnið jafnframt á mynd)



Spurning 7. (28%)

Útskýrðu vel eftirfarandi hugtök eða efnisatriði og eftir atvikum hvað þau þýða fyrir fjárfesta/markaðsaðila (Styddu með dæmum/tölulegum dæmum/myndum þar sem við á). Hver liður gildir 3,5%:

- A. Pörun tilboða í Kauphöllinni.
- B. Tæknigreining (technical analysis) og grunnþáttagreining (fundamental analysis) og mismunandi afstaða til markaðarins sem býr að baki.
- C. Ávöxtunarfjárfestar (total return investors).
- D. Yfirferð/staðfesting skipulegs verðbréfamarkaðar á lýsingum (skv. samningi við Fjármálaeftirlitið).
- E. Hreyfanleg meðaltöl (moving averages) og túlkun þeirra.
- F. Gangalínur (channel lines).
- G. Lokað útboð.
- H. Tvær ólíkar tegundir högnunar (arbitrage).

Spurning 8. (18%)

Ræðið áhrifaþætti á seljanleika og verðmyndun verðbréfa. Styddu svar þitt með dæmum (töflur/myndir úr gagnaveitum sem eru í námsefni geta e.t.v. nýst að einhverju leyti). Gættu að því að hafa svarið samhangandi, þannig að innbyrðis samband þeirra þátta sem fjallað er um sé til dæmis ljóst.